

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um heimahjúkrun á höfuðborgarsvæðinu.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hversu oft á undanförunum tveimur árum hefur öldrunarsjúklingum á fimm daga deildum Landspítala – háskólasjúkrahúss (LSH) verið synjað um heimahjúkrun?
2. Hversu oft á sama tímabili hefur slík synjun komið í veg fyrir útskrift sjúklinga?
3. Hversu oft á sama tímabili hefur aðeins verið unnt að bjóða öldruðum sem stóð til að útskrifa af LSH upp á skerta heimahjúkrunarþjónustu?